

# Mannkynið

What a piece of work is a man!

*Hamlet.*

Það er ekki unnt að gera sér neina grein fyrir því, hvernig lifandi verur hafa orðið til í fyrstu. Svólítið meira má segja um, hvenær hafi byrjað líf á jörðinni. Menn hafa giskað á, að ekki mundi vera skemmri tími síðan en svo sem 500 milljónir ára. Þessi ágiskun er ekki neitt sérlega áreiðanleg eins og geta má nærri, og er þó heldur líklegra, að tíminn sé lengri en skemmri. Á miklu vissari rökum byggir hinn skarpvitri norski jarðfræðingur A. M. Hansen þá skoðun sína, að elstu merki eftir mannlegar verur, sem fundist hafa í jarðlögum séu um 500 þúsund ára gömul; þar getur varla skeikað um 100 000 ár.

Svo milljónum alda skiptir var þá „kóróna sköpunarverksins” í smíðum, og í þúsundum alda verður að telja þá tímalengd, sem fór til þess að niðjar þeirra apakynjuðu tvífótunga, sem fyrst kom til hugar að laga dálítið í hendi sér steininn, sem þeir höfðu að vopni og verkfæri — yrðu að þeim mönnum, sem geta drepit óvin sinn í meir en mílu fjarlægð, grafið sundur fjöll og brúað firði, skilið byggingu heimsins og það sem ekki er auðveldast: skilið, að þeir eru í ætt við allt líf á jörðinni, þó að þeir séu náskyldastir þeim dýrunum, sem eru mönnunum leiðust, einmitt af því að þau eru svo óskemmtilega lík þeim.

Langlengstan tíma af ævi sinni hefir mannkynið ekki haft annað en steina að verkfærum. Þúsundir ára liðu, þangað til einhverjum afbragðsgáfuðum og lagtækum manni datt í hug að binda á skaft steininn, sem hann hafði áður hnefað — það er upphaf hamra og axa — og enn liðu aldirnar svo skiptir hundruðum, áður annar snillingur gæti sett auga á hamars- eða axarhausana og rekið þar upp í skaptið; stein-

vopnin urðu seinast svo vel úr garði gerð, að furðu gegnir. En svo lærðist mönnum að vinna málma, og lögðust steinvopnin þá smátt og smátt niður.

Það er ekki langur tími af ævi mannkynsins sem sögur ná yfir, eitthvað 7000 ár þar sem lengst er (á Egyptalandi) en á þessum tíma hafa þó orðið meiri breytingar á högum mannkynsins en allar þær þúsundir alda, sem á undan fóru, og enn má segja, að á öldinni sem leið hafi heimurinn að ýmsu leyti tekið meiri stakkaskiptum en næstu 20 aldirnar þar á undan; mankynið fetar með vaxandi hraða framfarabrautina, og er hér nú einkum átt við ytri framfarir í allskonar verklegum framkvæmdum.

Menn taka undir orð Hamlets um vitsmuni mannsins og óendanlega hæfileika, þegar þeir virða fyrir sér þá, sem mest hafa borið af öðrum og eins það, „hvað við höfum komist ljómandi langt á endanum“ eins og Wagner segir; að nokkru leyti kemur þetta nú í sama stað niður, því að siðmenningin er fyrst og fremst verk ágætismannanna, en ekki fjöldans.

En á hinn bóginn sýnir það, hve takmarkaðir eru hæfileikar mannkynsins og erfið kjör þess, að nokkuð skuli vera ennþá ófundið, ósagt og ógert sem til bóta gæti verið, þegar hugleitt er, hvað ótalmargar meðvitundir hafa speglað heiminn. Það hefir verið reiknað út (ég veit ekki hvernig) að síðan sögur hófust, hafi 7 000 milljónir manna týnt lífinu í ófriði, og mætti vera rúmgott í Valhöll, ef allt það fólk ætti að komast þar fyrir; er það meir en 4 sinnum sá fólksfjöldi, sem talið er, að nú lifi á jörðunni, en það er um 1600 milljónir. En hvað það sé mikill fjöldi, skýrist ef til vill nokkuð, þegar hugleitt er, að þar af deyja á ári hverju að minnsta kosti ekki færri en allir íbúar á Þýskalandi, sem er fólksflesta land í Evrópu annað en Rússland, og fæðast þó náttúrulega ennþá fleiri; á hverri mínútu sem líður eru margir að deyja og margir að fæðast.

Líklega verður að telja í milljónum milljóna þá sem lifað hafa á jörðunni frá upphafi mannkynsins.

Það kemur mjög í bága við ýmsar eldri skoðanir, að mankynið skuli hafa lifað svona afarlanga ævi; af því leið-

ir, að upptök tungumála og trúarbragða, lista og vísinda liggja geypilangt fyrir framan elstu sögur, og hefir þar — eins og í öðrum greinum menningarinnar — verið í upphafi næsta mjór mikils vísir.

Arnfirðingur 1902